



Oculis birtir boð á aðalfund

ZUG, Sviss, 21. apríl, 2026 – Oculis Holding AG (Nasdaq: OCS; XICE: OCS) (“Oculis”), birti í dag boð á aðalfundinn 2026, sem haldinn verður þann 13. maí 2026 í Ochsen-Zug, Kolinplatz 11, CH-6300 Zug, Sviss, klukkan 10:00 að íslenskum tíma / 6:00 EDT / 12:00 CEST.

Aðalfundurinn 2026 verður staðfundur. Hægt verður að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi, án möguleika á rafrænni þátttöku, með því að nota eftirfarandi [hlekk](#).

Allar upplýsingar varðandi aðalfundinn 2026, þ.m.t. fundarefni, er hægt að nálgast á vefsvæði Oculis með því að nota eftirfarandi [hlekk](#).

Hluthafar sem eiga hlutabréf á Nasdaq US munu fá send umboðsgögn og atkvæðagreiðsluleiðbeiningar á pappíriformi.

Hluthafar sem eiga hlutabréf á Nasdaq Íslandi munu ekki fá send umboðsgögn á pappíriformi og geta þess í stað sent inn fyrirsmáli sín um atkvæðagreiðslu rafrænt í gegnum Lumi AGM Mobile Platform, sem rekið er af Lumi Global. Til að skrá hluthafa til að geta sent fyrirsmáli um atkvæðagreiðslu, vinsamlegast notið eftirfarandi [hlekk](#).

Upplýsingafundur hluthafa

Oculis mun halda upplýsingafund fyrir alla hluthafa mánudaginn 11. maí 2026 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík Íslandi, frá kl. 16:00 – 17:00 að íslenskum tíma / 12:00 – 13:00 EDT / 18:00 – 19:00 CEST, þar sem stjórnendur fara yfir tillögurnar sem lagðar verða fyrir aðalfundinn 2026 og svara spurningum hluthafa. Til að mæta á upplýsingafundinn, hvort sem það er í eigin persónu eða rafrænt, vinsamlegast skráið ykkur í gegnum eftirfarandi [hlekk](#). Upptaka af upplýsingafundinum verður aðgengileg að fundi loknum á vefsíðu okkar [hér](#).

Um Oculis

Oculis er alþjóðlegt líftæknifyrirtæki (Nasdaq: OCS; XICE: OCS) með áherslu á nýsköpun sem markar tímamót í því að mæta verulegum óuppfylltum læknisfræðilegum þörfum við meðferð á augn- og augntaugasjúkdómum. Í klínískri þróun hjá Oculis eru þrjú lykilþróunarlyf: OCS-01, augndropar í skráningarrannsóknnum sem ætlunin er að verði fyrsta staðbundna meðferðin við sjónhimnubjúg af völdum sykursýki (DME); Licaminlimab, augndropar í skráningarrannsóknnum sem innihalda TNF-hamlara og byggjast á notkun erfðamerkis til að þróa einstaklingsmiðaða lyfjameðferð við augnþurrki (DED); og Privosegtor, taugaverndandi byltingarkennt þróunarlyf í PIONEER áætluninni, sem samanstendur af rannsóknnum sem er ætlað að styðja við skráningaráætlanir vegna meðferða við sjóntaugakvillum á borð við sjóntaugabólgu (ON) og blóðþurrð í sjóntaug án slagæðabólgu (NAION), en lyfið kann einnig að hafa víðtæka

notkunarmöguleika við ýmsum öðrum augntauga- og taugasjúkdómum. Höfuðstöðvar Oculis eru í Sviss og félagið er með starfsstöðvar í Bandaríkjunum og á Íslandi. Stjórnendur Oculis hafa mikla reynslu á sviði lyfjaiðnaðar og hafa náð miklum árangri hver á sínu sviði. Þá standa leiðandi alþjóðlegir fjárfestingarsjóðir á sviði heilbrigðisvísinda að baki félaginu.

Frekari upplýsingar er að finna á www.oculis.com

Tengiliðir hjá Oculis

Sylvia Cheung, fjármálastjóri
sylvia.cheung@oculis.com

Fjárfestatengsl

LifeSci Advisors
Corey Davis, Ph.D.
cdavis@lifesciadvisors.com

Almannatengsl

ICR Healthcare
Amber Fennell / David Daley / Sean Leous
oculis@icrhealthcare.com